

Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla

11. nóvember 2013 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, María Ásmundsdóttir og Jóhanna Kristín Gísladóttir kennarar, Drífa Harðardóttir, Margrét Stefánsdóttir og Agnes Gunnarsdóttir fulltrúar foreldra, Oddný Ýr Magnúsdóttir og Kristófer Ingi Maack fulltrúar nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. **Fundadagskrá skólaráðs:** Farið yfir helstu viðburði skóladagatala og ákveðið að setja niður fundi skólaráðs fyrir þetta skólaár: 9. desember, 3. febrúar, 7. apríl og 2. júní.
2. **Starfsáætlun Vatnsendaskóla:** Guðrún Soffía kynnti starfsáætlun og engar athugasemdir komu fram. Nú er verið að endurskoða bekkjarnámskrár í samræmi við nýja aðalnámskrá. Stefnt er að því að þær verði komnar inn á heimasíðu fyrir vorið, tilbúna fyrir næsta skólaár.

Rætt um nýtt tímafyrirkomulag á unglingastigi, ennþá almenn ánægja með það, virðist henta betur til að ljúka heimanámi. Nemandi talaði um að bókasafnið væri lokað á kennslutíma og erfitt að komast að til að vinna heimanám. Guðrún Soffía svaraði því til að þar væri vegna fráfalls starfandi bókasafnskennara þar sem erfitt væri að fá kennara í starfið á miðjum vetri.

Rætt um vægi lokaprófa. Foreldri fannst mikið að lokapróf í 10. bekk gildi 40% á mótí 60% vinnueinkunn. Nú er allt námsmat í endurskoðun vegna nýrrar aðalnámskrár.

3. **Samræmd könnunarpróf:** Niðurstöður prófa komu í vikunni. Við munum fara vel yfir þætti prófanna til að skoða hvernig við getum bætt kennsluna.

Rætt almennt um samræmd próf – þau gefa okkur upplýsingar um hvað nemandi er búinn að ná og hvaða þætti á eftir að fara betur yfir.

4. **Önnur mál:**

- Foreldrafélagið sendi út tilkynningu til foreldra og bauð upp á að senda fyrirspurnir fyrir skólaráðsfund. Nokkrar fyrirspurnir bárust sem skólastjórnendur munu fara yfir og svara og senda svo á foreldrafélagið.
- María kennari kom á framfæri nafnlausri ábendingu frá foreldri sem vildi minni aðila í foreldrafélagi á að tala vel um skólann okkar út á við en koma með athugasemdir og áhyggjuefni til stjórnenda svo hægt sé að vinna úr þeim.
- Tónmenntakennsla: Þóra er í barneignafri fram í mars og þangað til eru tónmenntatímar í höndum umsjónarkennara þar sem tónmenntakennarar liggja ekki á lausu. Þóra tekur svo tónmenntakennsluna af fullum krafti með umsjónarkennurum þegar hún snýr til baka.

Fundi slitið kl. 9:00

Fundarritari Hekla Hannibalsdóttir